

45
10. marz áður en hún skýrir frá, að beðið hafi verið um sveitarstyrk fyrir Pálinu, eða hreifir kröfu um endurgjald á þeim styrk, sem henni var heitið, og þessi dráttur verður ekki rjettlættur með því, að hreppsnefndinni hafi verið ókunnugt um, hvar Pálína væri sveitlæg, þar sem sýslumanninum í Þingeyjarsýslu, sem er búsettur í Húsavíkurhreppi, hafði verið tilkynnt af amtinu 5. júní 1883, að hún væri viðurkennd sveitlæg í Glæsibæjarhreppi, en hreppsnefndin leitaði einmitt beint til sýslumanns, þegar hún loks bar upp endurgjaldskröfu sína. Jeg verð þannig að vera yður samdóma um, að hreppsnefndin í Húsavíkurhreppi hafi ekki skýrt hreppsnefndinni í Glæsibæjarhreppi í tæka tíð frá styrkveitingu þeirri, sem hjer er um að ræða, og að Glæsibæjarhreppur verði þess vegna ekki skyldaður til að endurgjalda þann hluta styrksins, sem áfallinn var fyrir 19. apríl 1883. Úrskurður sá, sem þjer hafið lagt á málið, á því að standa óraskaður.

46
14. marz Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um útlutun á styrk til kvennaskólanna á Ytri-Ey og Laugalandi eptir nemendafjölda. — Eins og yður er kunnugt, herra amtmaður, er í fjárlögunum fyrir árin 1888 og 1889 veitt til kvennaskólanna á Ytri-Ey og á Laugalandi meðal annars 1400 kr. hvort árið, sem skiptist milli skólanna eptir nemendafjölda, þar af 500 kr. til námsmeyja. Það umgetinn styrkur er veittur fyrir almanaksár, verður honum ekki útbýtt fyrir skólaár, sem nær frá 1. október til 15. maí, heldur verður að útbýta honum í tvennu lagi, fyrri hlutanum fyrir tímabilið frá 1. janúar til 15. maí með $\frac{3}{5}$ og síðari hlutanum fyrir tímabilið frá 1. október til 31. desember með $\frac{2}{5}$, eptir nemenda fjölda í fyrnefndum skólum á hvoru þessara tímabila fyrir sig. Koma þannig til útbýtingar fyrir fyrra tímabilið 840 kr., þar af 300 kr. til námsmeyja í 5 skömmtum, og fyrir síðara tímabilið 560 kr., þar af 200 kr. til námsmeyja sömuleiðis í 5 skömmtum. Að því er snertir skiptingu styrksins milli skólanna eptir nemenda fjölda, geta ekki aðrar námsmeyjar komið til greina, en þær, sem allt tímabilið njóta tilsagnar í öllum þeim námsgreinum, sem kenndar eru í hverjum bekk í skólanum, eins og líka þær einar geta orðið aðnjótandi þess styrks, sem ætlaður er til námsmeyja.

Þetta læt jeg ekki hjá líða. að tjá yður, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar við tillögur yðar um skiptingu og veitingu þess styrks, sem ætlaður er optnefndum kvennaskólum í fjárlaganna 13. gr. B. V. a. 4.

47
15. marz Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um endurgjald á glötuðum peninga-póstsendingum. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 27. f. m., hafið þjer, herra póstmeistari, skýrt mjer frá, að á síðastliðnu ári hafi glatazt þessar peningasendingar úr vörzlum póststjórnarinnar:

- 1., peningabrjef með 10 kr. í, sem var látið á póstinn á Eskifirði og átti að fara til Akureyrar með póstferðinni í janúar;
- 2., 2 peningabrjef, annað með 43 kr. 65 a. og hitt með 18 kr. í, sem voru lätin á póstinn á Akureyri og áttu að fara til Seyðisfjarðar með póstferðinni 25. marz;
- 3., peningabrjef með 80 kr. í, sem var skilað til flutnings á póststofunni í Reykjavík og átti að fara til Víðimýrar með póstferðinni í janúar.

Jafnframt hafið þjer sent mjer allar þær skýrslur, er þjer hafið útvegað við-

víkjandi hvarfi þessara peningasendinga og beiðzt úrlausnar minnar um, að hve miklu leyti eigi að greiða skaðabætur fyrir þær úr póstsjóði.

47

15. marz

Út af þessu skal jeg tjá yður það, sem hjer fer á eptir, yður til leiðbeiningar og til frekari ráðstöfunar:

Um 1. Það er sannað, að peningabrjefi því, sem hjer ræðir um, var skilað í hendur póstafrgreiðslumannsins á Eskifirði, og að hann afgreiddi það og ljet það niður í póstpoka þann, sem átti að fara til Akureyrar og sem hann síðan innsiglaði með innsigli póstafrgreiðslunnar og afhenti hlutaðeigandi pósti, en þegar póstpokinn kom í hendur póstafrgreiðslumannsins á Akureyri, var hann að vísu innsiglaður en ekki með innsigli póstafrgreiðslunnar á Eskifirði, enda var áminnt peningabrjef þá horfið úr honum auk ýmislegs annars, sem í honum átti að vera. Það er því auðsætt, að póststjórnin eptir tilskipun um póstmál 26. febrúar 1872, 13. gr. og augl. 3. maí s. á. 22. gr., er skyld að endurgjalda þeim, sem brjefið sendi, peninga þá, sem í því voru, sem og burðareyri þann, sem greiddur hefur verið undir það. Þar sem það á hinn bóginn er viðurkennt af norðanpósti Einari Birni Bjarnarsyni, að póstafrgreiðslumaðurinn á Höfða hafi afhent honum umgetinn póstpoka með ósködduðu innsigli, og pokinn þannig hefur verið rifinn upp og peningabrjefið tekið úr honum á leiðinni milli Höfða og Akureyrar, en Einar getur ekki fullyrt, að pokinn hafi verið með rjettu innsigli, þegar hann afhenti Jóhannesi pósti Jónatanssyni hann á Grímsstöðum, þá á póststjórnin aðgang að Einari pósti til endurgjalds á skaðabótum þeim, sem hún þannig verður að greiða, og vænti jeg, að þjer annist um það, sem með þarf í því efni.

Um 2. Með skýrslum þeim, sem þjer hafið útvegað viðvíkjandi þeim tveimur peningabrjefum, sem tilgreind eru í þessum tölulið, er fengin full vissa fyrir því, að þessi peningabrjef hafa glatazt í vörzlum póststjórnarinnar með fjórðu póstferðinni frá Akureyri til Seyðisfjarðar, og getur póststjórnin því ekki komizt hjá að endurgjalda hlutaðeigendum peninga þá, sem í brjefunum voru, ásamt fyrirfram greiddum burðareyri. Það er upplýst, að póstafrgreiðslumaðurinn á Akureyri ljet áminnt peningabrjef ásamt fleiri brjefum og póstsendingum ofan í póstpokann til Seyðisfjarðar, sem Jóhannes norðanpóstur Jónatansson tók við ásamt hinum öðrum póstflutningi í tveimur lokuðum póstskrinum. Þegar Jóhannes á austurleið sinni kom að Grenjadarstað, tók póstafrgreiðslumaðurinn þar upp úr annari póstskrinunni það, sem þangað átti að fara, en með hina póstskrinuna fór Jóhannes heim til sín — en hann á heima nálægt Grenjadarstað — opnaði hana með lykli og tók upp úr henni póstpokana og bjó um þá í belgjum og pokum, sem hann síðan flutti að Grímsstöðum, þar tók Seyðisfjarðarpósturinn við póstflutningnum, en þegar hann kom að Höfða, vantaði póstpokann frá Akureyri til Seyðisfjarðar með öllu því, sem í honum átti að vera, og hefur ekkert af því fundizt síðan. Þareð Jóhannes póstur þannig hefur tekið við umgetnum póstpoka á Akureyri í lokaðri póstskrinu, sem hann í leyfisleysi og upp á sitt eindæmi fór í og tæmdi, en hann hefur ekki sannað, að hann hafi afhent Seyðisfjarðarpóstinum póstpokann á Grímsstöðum, og Seyðisfjarðarpósturinn hefur heldur ekki kannast við að hafa tekið við honum þar, þá á póststjórnin heimting á, að Jóhannes endurgjaldi henni skaðabætur þær, sem hún verður að greiða vegna þess, að póstpokinn kom ekki til skila, og skal jeg því skora á yður að ganga eptir endurgjaldi skaðabótanna hjá Jóhannesi.

47
15. marz Um 3. Peningabrjef það, sem hjer ræðir um, hefur eptir skýrslu yðar verið skrásett á póststofunni í Reykjavík á póstsendingaskrá til Víðimýrar með fyrstu póstferðinni, en þegar póstpokinn frá Reykjavík til Víðimýrar var tæmdur þar, fannst brjefið ekki í honum, og var hann þó með ósköðduðu innsigli póststofunnar í Reykjavík. Þar sem engin sönnun er komin fram fyrir því, að áminnt peningabrjef hafi á póststofunni í Reykjavík verið látið ofan í póstpokann til Víðimýrar, og sá, sem brjefið sendi, hefur fengið skaða sinn bættan af yður, verður ekkert endurgjald greitt fyrir þessa peningasendingu úr póstsjóði.

Í sambandi við það, sem að framan er sagt, vil jeg þjónustusamlega skora á yður, herra póstmeistari, að leggja ríkt á við alla þá póstaafgreiðslumenn, sem þjer eruð skipaður yfir, að hegða sjer nákvæmlega eptir því, sem fyrir skipað er í 7. og 8. gr. í leidarvísi fyrir póstaafgreiðendur 31. október 1872, um afgreiðslu böggla- og peningasendinga, og sjerstaklega, að þeir eigi að hafa votta eða að minnsta kosti póstinn við, bæði þegar þeir láta slíkar sendingar niður í póstpokana og póstskrínurnar, og þegar þeir opna póstskrínurnar og póstpokana til að taka upp brjef og sendingar, sem til póstaafgreiðslunnar eiga að fara, og ávallt bera það sem niður er látið og upp er tekið nákvæmlega saman við póstsendingaskrárnar og aðgæta, að allt sje með rjettum ummerkjum, og í annan stað að leggja svo fyrir, að þegar póstar eiga að taka við póstflutningi hvor af öðrum, þá skuli hlutaðeigandi póstaafgreiðandi eða brjefhirðir í votta viðurvist eða að minnsta kosti í viðurvist beggja póstanna gæta vandlega að því, að póstflutningnum sje skilað með rjetttri tölu og rjettum ummerkjum.

48
19. marz Ágrip af brjefi landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um hallærislán. — Með brjefi þessu var Húnavatnssýslu veitt 2950 kr. hallærislán í viðbót við áður veittar 5000 kr. og hafði þannig alls fengið 7950 kr. hallærislán samkvæmt vilýrðinu í landshöfðingjabrjefi 26. ág. 1887, en Skagafjarðarsýsla hafði 7. nóv. f. á. fengið 10000 króna hallærislán samkvæmt fyrirheiti í sama landshöfðingjabrjefi. Bæði lánin skyldu afborgast með $\frac{1}{10}$ árl. auk vaxta 4% á ári.

49
23. marz Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um greiðslu lóðargjalds af fangahúsi. — Jafnframt því að endursenda yður hjer með, herra amtmaður, reikning þann yfir lóðargjald fyrir fangahúsið á Akureyri, er fylgdi þóknanlegu brjefi yðar, dags. 13. f. m., undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður, að með því að gjald það, er hjer ræðir um, verður eigi álitid að heyra til kostnaðar þess til fangahúsa, er samkvæmt tilsk. 4. marz 1871 sbr. 1. gr. laga 2. nóv. 1877 ber að greiða úr landssjóði, getur upphæð reiknings þessa, er greiða ber úr jafnaðarsjóði norður- og austuramtsins, eigi orðið ávísað til útborgunar úr jarðabókar-sjóði.

50
6. apríl Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um að Skaptártunguhreppur skuli vera sjerstök manntalsþinghá. — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef yðar, herra amtmaður, dags. 4. p. m., viðvíkjandi beiðni hreppsnefnd-